



## 2. fundur framkvæmdaráðs SSA 23. október 2018

Fundurinn hófst kl. 11:00 í Austurbrú á Egilsstöðum.

Mættir voru framkvæmdaráðsmenn SSA: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fagráð Uppbyggingarsjóðs Austurlands
2. Samningur við Skarphéðin Smára Þórhallsson, Skarphéðinn Smári mætir á fundinn
3. Samstarf SSA og Austurbrúar
4. Önnur mál.

### 1. Fagráð Uppbyggingarsjóðs Austurlands

Signý Ormarsdóttir verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands mætti á fundinn og sagði frá hlutverki sjóðsins, fagráða og úthlutunarnefndar og reglur um vanhæfi. Einnig fór hún yfir að úthlutunarnefnd móti úthlutunarreglur sem framkvæmdaráð SSA þarf að samþykkja. Skoða þarf hvort hentugra sé að skipa menn til tveggja ára í stað eins árs. Ráða þarf varamann í úthlutunarnefnd. Farið var yfir hugsanlega einstaklinga í fagráðin.

### 2. Samningur við Skarphéðin Smára Þórhallsson

Skarphéðinn Smári Þórhallsson verkefnastjóri Svæðisskipulags Austurlands mætti á fundinn. Hann fór yfir stöðu Svæðisskipulagsins og sagði frá fundi skipulagsnefndar með fulltrúum Skipulagsstofnunar sem haldinn var fyrr í mánuðinum. Á þeim fundi kom fram að verkefnið væri of viðamikið og taka þyrfti minjar út enda er mat Skipulagsstofnunar að skráning þeirra eigi heima í Aðalskipulagi. Sama á við um svæðisáætlun um úrgang. Farið var yfir samning og vinnu við verkefnið. Samþykkt er að greitt verði samkvæmt eldri samningi fyrir októbermánuð.

### 3. Samstarf SSA og Austurbrúar

Rætt var um fyrirkomulag viðræðna vegna ályktunar aðalfundar SSA 2018. Framkvæmdaráðið mun taka málið upp á næsta stjórnarfundum Austurbrúar.

#### Önnur mál.

Verkefnastjóra falið að vinna fundaráætlun fyrir stjórn og framkvæmdaráð.

Fundi slitið.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_